

Regla til viðmiðunar um heimakstur grunnskólanemenda.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir eftirfarandi viðmið um skólaakstur nemenda í Heiðarskóla:

- Nemendur séu sóttir og þeim skilað í lok skóladags að heimili sínu þar sem afleggjari frá tengivegi er að jafnaði 400 metrar eða lengri. Þó skal heimilt að víkja frá þessari meginreglu t.d. vegna landfræðilegra aðstæðna og/eða aðstæðna barna. Slíkt mat er í höndum skólastjóra og sveitarstjóra.
- Um er að ræða viðmið sem er háð því að skólabifreið geti með góðu og öruggu móti snúið við á plani/hlaði við heimili nemenda.
- Þrátt fyrir umrætt viðmið skulu skólabílstjórar hafa svigrúm til að víkja frá viðmiðinu þannig að öryggi nemenda sé tryggt í hvívetna vegna tiltekinna aðstæðna sem skapast geta t.d. vegna veðurs og/eða vinda.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 8. desember 2015